

Gegnir: Topplisti útlána fyrir árið 2014

[Topplistar útlána fyrir árið 2014](#) eru tilbúnir á þjónustuvef Landskerfi bókasafna.

Á Þorláksmessu 2014 voru topplistar útlána í Gegni fyrir árið 2013 settir á vef Landskerfis bókasafna. Þetta var gert eftir talsverða þróunarvinnu sem nýtist til framtíðar. Topplistar útlána 2014 byggja á þeim grunni. Vinsamlegast komið athugasemdum um villur og/eða viðbætur til undirritaðrar sem fyrst.

Útbúnar voru sex mismunandi skýrslur sem eiga að lýsa útlánum á sem fjölbreytilegastan hátt. Annars vegar eru topplistar fyrir kerfið í heild (6) og hins vegar eru listar þar sem toppútlán einstakra safna eru listuð (6). Grunnurinn að þessari tölfraedi byggir á bókfræðiskráningu og útlánaupplýsingum. Safna þarf saman útlánum allra eintaka af hverjum titli til að fá heildarútlán hvers titils yfir ákveðið tímabil.

Titill → Safn → Eintök → Útlán → Ár = Heildarútlán á titil á ári

Tölfraedin getur aldrei orðið betri en undirliggjandi gögn. Titlarnir byggja á bókfræðiskráningu en fyrir utan titilupplýsingar eru bókfræðiformat og kóðar úr 008 stýrisviðinu lögð til grundvallar. Forsendur hvernar skýrslu eru tilgreindar í haus / titilupplýsingum hennar.

Titill	Útlán
(1) Myndasögusyrpa = Syrpa. (1994)	29.514
(2) Vikan 2014. (2014)	12.396
(3) Hús og hibyli. (1972)	10.262
(4) Vikan 2013. (2013)	10.215
(5) Gestgjafinn - tímarit um mat. (1981)	8.478
(6) Myndasögusyrpa 2013 = Syrpa 2013. (2013)	8.153
(7) Femina. (1952)	7.964
(8) Júlía. (2009)	7.463
(9) Galdrastelpur = W.I.C.H. (2003)	6.042
(10) Bo bedre. (1961)	6.035
(11) Séð og heyrt 2014. (2014)	5.936
(12) Sagan öll. (2007)	5.840
(13) Myndasögusyrpa 2012 = Syrpa 2012. (2012)	5.680
(14) Hendes verden. (1965)	5.635
(15) Hello! (1988)	5.204
(16) All for damerne. (1946)	5.065
(17) Myndasögusyrpa 2014 = Syrpa 2014. (2014)	5.030
(18) Andrés Ónd 2014. (2014)	4.829
(19) Myndasögusyrpa 2011 = Syrpa 2011. (2011)	4.805
(20) Myndasögusyrpa 2009 = Syrpa 2009. (2009)	4.626
(21) Nýtt líf. (1983)	4.591

Hingað til hefur útlánatölfraedin verið birt á heildargrunni og söfnin hafa ekki vitað hvaða titlar liggja til grundvallar. Nú þegar titlarnir eru sýnilegir kemur eflaust margt spánst fyrir sjónir, eins og t.d. margar bókfræðifærslur fyrir vinsælustu titlana eins og „Myndasögusyrpa“ með mismunandi ártölum o.s.frv. Einnig getur kóðunin flokkað ákveðna titla á vafasaman hátt. Það þarf að skoða sérstaklega það sem stingur í stúf og meta hvort breyta eigi bókfræðiskráningunni fyrir seinni tíma úrvinnslu.

Listarnir eru:

Útbúnir voru sex mismunandi topplistar fyrir árið 2014. Annars vegar eru topplistar fyrir kerfið í heild (6) og hins vegar eru listar þar sem toppútlán einstakra safna eru listuð (6). Safnalistinn er í stafrófsröð eftir heiti safns. Þetta er langur listi svo að við bendum á að nota „ctrl/F“ og leita að safnkóða eða heiti safns.

Gegnr: Topplisti útlán 2014 – öll söfn

- Topplisti útlána 2014 – Allt efni
- Topplisti útlána 2014 – Bækur
- Topplisti útlána 2014 – Tímarit
- Topplisti útlána 2014 – Barnaefni
- Topplisti útlána 2014 – Fullorðinsefni
- Topplisti útlána 2014 – Efni sem er hvorki bækur né tímarit (kóðar = HB, VM, MU, MX, CF, MP, MA)

Gegnr: Topplisti útlána 2014 - eftir söfnum

- Topplisti útlána 2014 – Allt efni
- Topplisti útlána 2014 – Bækur
- Topplisti útlána 2014 – Tímarit
- Topplisti útlána 2014 – Barnaefni
- Topplisti útlána 2014 – Fullorðinsefni
- Topplisti útlána 2014 – Efni sem er hvorki bækur né tímarit (kóðar = HB, VM, MU, MX, CF, MP, MA)

Topplistarnir eru aðgengilegir á þjónustuvef Landskerfis bókasafna, <http://www.landskerfi.is/sofn/> undir **Topplistar útlána**. Listarnir eru aðgengilegir á HTML, PDF og Excel sniðum. Athugið að það þarf að vista Excel - skjalið til að opna það. Topplisti útlána 2014 fyrir Gegni í heild sýnir 200 efstu útlánatitlana en topplistinn fyrir hvert safn sýnir 60 efstu útlánatitlana. Hafa þarf í huga að listarnir byggjast á heildarútlánnum og geta því einstakir listar eins og t.d. „Topplisti útlána 2014 – Tímarit“ innihaldið fáa eða enga titla. Greinargerð um topplistana verður tekin saman fljótlega þar sem nánari grein verður gerð fyrir forsendum og öðrum atriðum sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar listarnir eru skoðaðir.

Fyrir hönd Landskerfis bókasafna,
Sigrún Hauksdóttir